

Miðvikudagurinn 25. maí 1994 kl. 12:00

29. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 10/1994.

Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnis-stofnunar nr. 2/1994, frá 29. apríl 1994, um verðhækkun á sementi.

"Í bréfi dags. 11. mars 1994 óskar Sementsverksmiðjan hf. eftir að hækka portlandsement um 4%.

Samkvæmt útreikningum Samkeppnisstofnunar sem byggja á framreikningi kostnaðar hefur kostnaður Sementsverksmiðjunnar lækkað um 1,2% frá því að verðhækkun á portlandsementi var síðast heimiluð, þann 4. ágúst 1993. Lækkunin stafar fyrst og fremst af lægri hráefniskostnaði.

Samkvæmt ársreikningi Sementsverksmiðjunnar fyrir árið 1993 var heildartap ársins um 111 milljónir króna sem er 17,4% af tekjum. Af reglulegri starfsemi var tap upp á 63 milljónir króna sem er 9,8% af tekjum. Tillag í afskriftarsjóð viðskiptakrafna var 30 milljónir króna.

Eftirfarandi tafla er unnin upp úr rekstrar og efnahagsreikningi Sementsverksmiðjunnar á árunum 1990-1993. Upphæðir eru í milljónum króna.

<u>Ár</u>	<u>rekstrar tekjur</u>	<u>rekstrar gjöld</u>	<u>afskriftir</u>	<u>fjármuna t og g</u>	<u>óreglulegir liðir</u>	<u>afkoma</u>
1990	717,9	- 588,7	- 85,0	- 35,1	- 22,9	- 13,8
1991	773,5	- 639,8	- 68,9	- 43,0	- 19,6	2,2
1992	695,3	- 619,3	- 70,4	- 87,0	- 78,7	- 160,1
1993	639,0	- 529,0	- 64,8	- 108,0	- 48,6	- 111,5

Ár	veltu- fjármunir	fasta- fjármunir	skammtíma skuldir	langtíma- skuldir	eigið fé	eigið fjár hlutfall
1990	355,9	874,8	266,7	191,9	772,2	62,7%
1991	404,0	932,8	298,1	165,2	873,4	65,3%
1992	321,5	951,9	211,9	338,8	722,8	56,8%
1993	385,6	886,2	242,5	397,1	632,3	49,7%

Sementsverksmiðjan seldi 85 þúsund tonn af sementi árið 1993. Er þetta samdráttur upp á 12,4% frá árinu 1992. Á árinu 1991 var salan 109 þúsund tonn.

Með heimild í 8. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með hliðsjón af hagsmunum Sementsverksmiðjunar af því að hækkunarbeiðni fyrirtækisins sé afgreidd sem skjótast tekur Samkeppnisstofnun þá bráðabirgðaákvörðun að heimila 4% hækkun á portlandsementi.

Í framhaldi af bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar verður gefin út meðfylgjandi tilkynning.

TILKYNNING

Nr. 3/1994.

Samkeppnisstofnun hefur samþykkt eftirfarandi hámarksverð frá Sementsverksmiðju ríkisins á sementi frá og með 2. maí 1994.

Portlandsement:

- a. **Kr. 9.920** hver smálest af lausu sementi án virðisaukaskatts.
- b. **Kr. 10.850** hver smálest af sekkjuðu sementi án virðisaukaskatts ef selt er á heilum brettum.
- c. **Kr. 11.240** hver smálest af sekkjuðu sementi án virðisaukaskatts ef selt er minna en heilt bretti.

**Reykjavík, 29. apríl 1994.
SAMKEPPNISSTOFNUN"**